



14. tbl. 31. árg. 10. - 16. apríl 2019

Skíðasvæði Fjallabyggðar
Sigmarsku Alþéttir

Skíðasvæðið í Skarðsdal - www.skardsdalur.is

Sími: 878-3399

VORHÁTÍÐ

Grunnskóla Fjallabyggðar

Fimmtudaginn 11. apríl kl. 17:30 verður vorhátíð
1.-7. bekkjar haldin í Tjarnarborg í Ólafsfirði

Aðgangseyrir:

Nemendur 8.-10. bekkjar 500 krónur
16 ára og eldri 1500 krónur

Sýningin tekur um eina og hálfa klukkustund

Rúta fer frá Norðurgötu kl. 17:00 og til baka
frá skólahúsinu við Tjarnarstíg að sýningu lokinni.

Allir velkomnir!



MIDVIKUDAGUR 10. APRÍL
 13.00 Útsvar 2013-2014
 14.05 Mósaik (10:13)
 14.45 Með okkar augum (3:6)
 15.15 Máttur fegurðarinnar
 15.45 Á tali hjá Hemma
 Gunn 1987-1988 (11:14)
 17.15 Skólahreysti (1:6)
 17.45 Táknmálsfréttir
 17.55 Disneystundin
 18.54 Víkingalotto
19.00 Fréttir
 19.25 Ísland - N-Makedónía
 Beint frá undankeppni EM
 karla í handbolta.
 21.30 Skólahreysti (2:6)
 22.00 Tíufréttir
 22.20 Ótarnir - Heimildar-
 mynd um ferðalag fjögurra
 vína á hestbaki um Vestur-
 Bandaríkin.
 00.05 Kveikur
 00.40 Dagskrárlok

FIMMUDAGUR 11. APRÍL
 13.00 Útsvar 2013-2014
 14.00 Stríðsárin á Íslandi
 15.10 Poppunktur 2011
 16.10 Landinn 2010-2011
 16.40 Í garðinum með Gurrý
 17.10 Leitinn að stórlaxinum
 17.50 Táknmálsfréttir
 18.00 KrakkaRÚV
19.00 Fréttir
 19.35 Kastljós
 20.00 Nörd í Reykjavík (5:5)
 20.30 Price og Blomsterberg
 21.00 Ljúsár lygi (5:6)
 22.00 Tíufréttir
 22.20 Glæpahneigð (22:22)
 23.05 Löwander-fjölskyldan
 (7. og 8. þáttur af 10)
 01.05 Kastljós
 01.30 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 12. APRÍL
 11.00 EM í fimleikum - Beint
 14.00 92 á stöðinni (8:20)
 14.25 Séra Brown
 15.10 Augnablik - úr 50 ára
 sögu sjónvarps
 15.25 Ísbjóðin með Ragnhildi
 Steinunn (5:7)
 15.50 Í saumana á Shake-
 speare - David Harewood
 16.45 Fjörskyldan
 17.25 Landinn
 17.55 Táknmálsfréttir
 18.05 KrakkaRÚV
19.00 Fréttir
 19.45 Can't Walk Away
 Heimildarmynd um Herbert
 Guðmundsson.
 21.15 Víkan með Gísla Mart.
 22.00 Ástardalurinn
 23.35 Herbergi
 01.25 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 13. APRÍL
 07.15 KrakkaRÚV
 10.00 Skólahreysti (2:6)
 10.30 Hafíð, bláa hafíð (2:7)
 11.20 Hafíð, bláa hafíð: Á
 tökustað (2:6)
 11.30 EM í fimleikum - Beint
 14.35 Víkan með Gísla Mart.
 15.20 Í helgan stein (2:6)
 15.50 Nörd í Reykjavík (5:5)
 16.20 Ég vil fá konuna aftur
 17.00 Baráttan v. aukakílóin
 17.50 Táknmálsfréttir
 18.00 KrakkaRÚV
 18.15 Landakort
 18.20 HM kvenna í fótbolta:
 Leiðin til Frakklands (1:8)
 18.53 Lottó
19.00 Fréttir
 19.45 Alla leið (1:5)
 Upphitun fyrir Eurovision

20.55 Söngkeppni framhalds-
 skólanna - Bein útsending



22.35 Leyndarmál og lygar
 01.00 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 14. APRÍL
 07.15 KrakkaRÚV
 11.00 Silfrið
 12.10 EM í fimleikum - Beint
 14.25 Menningin - samant,
 14.50 Cirque du Soleil: Gleðin
 16.25 Haukur Morthens
 17.20 Táknmálsfréttir
 17.30 N-Makedónía - Ísland
 Beint frá undankeppni EM
 karla í handbolta
20.00 Fréttir
 20.40 Landinn
 21.10 Hvað höfum við gert?
 21.50 Sæluríki (7:8)
 22.40 Babylon Berlin (7:16)
 23.25 Margt býr í vatninu
 01.25 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 15. APRÍL
 08.00 KrakkaRÚV
 11.05 Basl er búskapur
 11.35 Brautryðjendur
 12.00 Ítalskar borgarperlur:
 Undir yfirborðinu - Napóli
 12.55 Útsvar 2013-2014
 14.05 92 á stöðinni (9:20)
 14.25 Maður er nefndur
 14.55 Út og suður (1:18)

15.20 Af fingrum fram (4:4)
 16.05 Hvað höfum við gert?
 16.45 Silfrið
 17.50 Táknmálsfréttir
 18.00 KrakkaRÚV
19.00 Fréttir
 19.35 Kastljós
 20.05 Joanna Lumley í Japan
 21.05 Yfirheyrslan
 Glæpamynd byggð á
 sönnun atburðum.
 22.00 Tíufréttir
 22.20 Á norrænum nótum
 Veisla í telení 100 ára
 afmælis Norræna félagsins.
 00.10 Kastljós
 00.35 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 16. APRÍL
 08.00 KrakkaRÚV
 11.15 Dagur í lífi þjóðar
 12.10 Ítalskar borgarperlur:
 Undir yfirborðinu - Feneýjar
 13.00 Útsvar 2013-2014
 14.00 Andri á Færeyjaflandri
 14.30 Sætt og gott
 14.50 Græna herbergið (5:6)
 15.30 Ferðastíklar (2:8)
 16.25 Menningin - samant.
 16.55 Íslendingar
 17.50 Táknmálsfréttir
 18.00 KrakkaRÚV
19.00 Fréttir
 19.35 Kastljós
 20.05 Kveikur
 20.45 Matur og visindi
 Michelin-kokkur og
 visindamaður mestast í
 eldhúsinu.
 21.40 Kapplækur (3:10)
 22.00 Tíufréttir
 22.20 McMafia (3:8)
 23.15 Fortitude (5:10)
 00.00 Kastljós
 00.25 Dagskrárlok

BOÐSKORT FYRIR FERMINGAR OG ÖNNUR TÍLEFNI!!

- útbúum gæðaboðskort eftir óskum hvers og eins -

stykkið aðeins 150 krónur með umslagi

TUNNAN

467 1288 tunnan@tunnan.is



HARBOUR HOUSE CAFE

Est. 2009
 Hlíðarhúsið

**„ÞEIR FISKA
 SEM RÓA“**

**S: 854-1236
 Sigmar**

**S K I L A F R E S T U R
 F Y R I R
 A U G L Ý S I N G A R
 Í T U N N U N A
 E R K L U K K A N 1 2
 Á Þ R I Ð J U D Ö G U M**



Ársfundur Byggðastofnunar 2019

verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00
á Kaffi Rauðku, Siglufirði

Dagskrá

- 13:00 Ávarp formanns stjórnar Byggðastofnunar**
– Illugi Gunnarsson
- 13:15 Ávarp ráðherra**
– Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- 13:30 Starfsemi Byggðastofnunar**
– Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri
- 13:45 Afhending Landstólpans**, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar
- 14:00 Ferðumst saman** – í átt að heildstæðu kerfi almenningssamgangna
– Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
- 14:30 Staða og væntingar fyrirtækja í landsbyggðunum:** Helstu niðurstöður fyrirtækjakönnunar 2018 kynntar. – Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi og dósent, og Margrét Björk Björnsdóttir forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands
- 15:00 Er verðmætasköpun í landsbyggðunum öðruvísi?**
– Hilmar Janússon forstjóri Genís
- 15:30 Norðurslóðaaætlun Evrópusambandsins (NPA)**
Þátttaka Íslands í NPA
– Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar
- SmartFish**, vöktun vörunnar í framleiðslu og flutningi
– Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir rektor LBHÍ
- Mönnun sérhæfðra starfa í dreifbýli** – leiðir til árangurs
– Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri SAK
- Stafræn leið** – áskoranir fyrirtækja fjarri markaði
– Sveinbjörg Pétursdóttir atvinnuráðgjafi SSNV
- 16:30 Fundarlok**
Allir velkomnir



BYGGÐASTOFNUN



Útboð – ræsting ráðhús Fjallabyggðar, Siglufirði

Fjallabyggð óskar eftir tilboðum í reglulega ræstingu í ráðhús Fjallabyggðar á Siglufirði samkvæmt útboðslýsingu. Heildarfjöldi fermetra í útboðinu er 671,9 m². Reiknað er með að ræsting á grundvelli útboðsins hefjist þann 15. maí 2019 og að gerður verði verksamningur um verkið til þriggja ára, eða til 14. maí 2022.

Vettvangsskoðun: Mánudaginn 15. apríl kl 16.00
Opnunartími tilboða: Mánudaginn 29. apríl kl. 11.00
Opnunarstaður tilboða er: Ráðhús Fjallabyggðar, 2. hæð
Gránugötu 24, 580 Siglufirði.

Útboðsgögn verða afhent á Bæjarskrifstofu Fjallabyggðar, Gránugötu 24 á Siglufirði frá og með 10. apríl 2019 gegn gjaldi kr. 2.000,-. Allar nánari upplýsingar veitir **Guðrún Sif Guðbrandsdóttir**
Netfang: gudrun@fjallabyggd.is Sími: 464 9100

Orlofsnefnd Eyjafjarðar



Hautferð til Kraká

2-6. október, beint frá Akureyri.
Takmarkaður sætafjöldi.

Heildarverð 130.000 með niður-
greiðslu. Skráning til 16. apríl nk.

á ernamariah@hotmail.com eða í síma 866 4986 eftir kl 17:00.

Nótt á Húsavík 27. apríl



Ein nótt með morgunmat, 2ja
réttu kvöldverð og aðgang í
sjóböðin. 24.900 kr. fyrir tvo
saman í herbergi. Orlofsnefnd
greiðir fyrir rútu.

Skráning á orlofey@gmail.com

Uppl: www.orlofey.is
Kveðja Stjórnin



Kaffi Rauðka

Laugardaginn 20. apríl kl. 22.00

Stebbi og Eyfi hafa fyrir löngu skipað sér í fremstu röð dægurlagaflýtyjenda á Íslandi og spannar samstarf þeirra hartnær 30 ár. Á þessum tónleikum munu þeir fara yfir ferilinn í tali og tónum og flytja margar af perlum íslenskrar dægurlagasögu.

Þeim til fulltingis verður hinn frábæri píanóleikari Þórir Úlfarsson.

Dregið verður úr seldum miðum og fá fjölmargir heppnir tónleikagestir vegleg páskaegg frá GÓU.

Forsala aðgöngumiða er á Sigló Hóteli s. 461-7730 – Miðaverð: kr. 3.900

Félagsmenn Einingar-löðu á almenna vinnumarkaðnum athugið!*

Nýr kjarasamningur félagsins - nokkur atriði

*Það er ekki búið að semja fyrir félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum!

Megininntak samningsins er að tryggja kjarabætur lágtekjuhópa og skapa skilyrði fyrir lækun vaxta

Helstu atriði kjarasamningsins

- Kjarasamningurinn gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.
- Lægstu laun hækka mest, um 30% hækkan á samningstímanum.
- Fjórar hækkanir á tímabilinu, alls kr. 90.000.
 - 1. apríl 2019, 1. apríl 2020, 1. janúar 2021 og 1. janúar 2021.
- Kjaratengdir liðir hækka um 2,5% á sömu dagsetningum.
- Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmda launaauki að gefinni ákveðinnar þróunar á vergri landsframleiðslu á hvern íbúa.
- 26 þúsund króna eingreiðsla til útborgunar í byrjun maí 2019.
- Aukið vinnustaðalýðræði, möguleiki á verulegri styttingu vinnutímans.
- Skilyrði sköpuð fyrir verulegri vaxtalækkun á samningstímanum.
- Skattbyrði hinna tekjulægstu lækkar um 10 þúsund kr. á mánuði.

Hagvaxtaraukinn tryggir að hlutur launafólks í verðmætasköpuninni helst stöðugur, sem í dag er sá hæsti meðal ríkja OECD.

Hagvöxtur á mann		Hagvaxtaraukinn
> 1,0%	➡	+3.000 kr.
> 1,5%	➡	+5.500 kr.
> 2,0%	➡	+8.000 kr.
> 2,5%	➡	+10.500 kr.
> 3,0%	➡	+13.000 kr.

- Hagstofan birtir tölur um hagvöxt á mann í mars ár hvert.
- Launhækkanir munu því eiga sér stað í maí.
- Árlag samningsbundin launahækkan samanstendur af grunnlaunahækkan og launaauka

Hagvaxtaraukinn fer að fullu á tatalaun-er 75% í almenna hækkan

Almenn hækkan

Ár	kr.
2019	+17.000 kr.
2020	+18.000 kr.
2021	+15.750 kr.
2022	+17.250 kr.

Hækkan kauptaxta

Ár	kr.
2019	+17.000 kr.
2020	+24.000 kr.
2021	+24.000 kr.
2022	+25.000 kr.

Desemberuppbót

Ár	kr.
2019	92.000 kr.
2020	94.000 kr.
2021	96.000 kr.
2022	98.000 kr.

Lágmarkstekjutrygging

Ár	kr.
2019	317.000 kr.
2020	335.000 kr.
2021	351.000 kr.
2022	368.000 kr.

Orlofsuppbót

Ár	kr.
2019	50.000 kr.
2020	51.000 kr.
2021	52.000 kr.
2022	53.000 kr.

+26.000 króna orlofsuppbótarauki sem greiðist til allra fyrir 2. maí 2019

Á www.ein.is má finna upplýsingar um nýja kjarasamninginn við SA sem og upplýsingar um breytingar á greiðasölusamningi SA og SGS.



Rafræn atkvæðagreiðsla!

Aukaopnun á skrifstofum félagsins

Viðvera í Hrísey og á Grenivík

Rafræn atkvæðagreiðsla um samninginn stendur yfir frá
kl. 13:00 12. apríl til kl. 16:00 23. apríl

á slóðinni www.ein.is verður hlekkur til að kjósa

Kæru félagar – valdið er ykkar!

Sýnum samstöðu og greiðum atkvæði!

Nota skal rafræn skilríki eða íslykil við kosninguna.

Hægt verður að fá aðstoð við rafrænu kosninguna á skrifstofum félagsins.

Sá sem getur ekki kosið rafrænt getur kosið utan kjörfundar á skrifstofum félagsins.

Lengri opnunartími á skrifstofum félagsins:

Akureyri – 15. og 16. apríl til kl. 20:00

Dalvík – 16. apríl til kl. 19:00

Fjallabyggð – 16. apríl til kl. 19:00

Viðvera í Hrísey og á Grenivík:

Hrísey, á veitingastaðnum Verbúðin

- 16. apríl milli kl. 16:00 og 18:30

Grenivík, á veitingastaðnum Kontorinn

- 16. apríl milli kl. 16:00 og 18:30



Eining-löja stendur vörð um réttindi þín!

460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð



Samfélags- og menningarsjóður Siglufjarðar auglýsir eftir umsóknum um styrki til samfélags- og/eða menningarmála á Siglufirði

Úthlutunarreglur:

Stjórn sjóðsins mun veita styrki til samfélags- og/eða menningarmála á Siglufirði. Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir á Siglufirði.

Oska þarf eftir umsóknareyðublaði með því að senda póst á

elsa.gudrun@arionbanki.is

Í umsókn skal koma fram ítarleg greinargerð þar sem kemur fram:

- upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
- Nafn umsækjanda, nafn forsvarsmanns félags, kennitala, símanúmer og netfang.
- í hvað styrknum verður varið.
- hvernig sú ráðstöfun bætir samfélagið og/eða menningarmál Siglufjarðar.
- verk- og tímaáætlun og ítarleg fjárhagsáætlun sundurliðuð niður á kostnaðarliði og einingarverð.
- upplýsa skal hvort umsækjandi hafi fengið styrk(i) vegna verkefnisins úr öðrum sjóðum.

Úthlutunarnefnd getur beðið umsækjendur um viðbótarupplýsingar varðandi styrkbeiðnina.

Styrkir geta verið veittir í einni upphæð við upphaf verkefnis eða eftir framgangi verks. Ef greitt er eftir framgangi verks hefur stjórnin heimild til að kalla eftir áfangaskýrslu og öðrum gögnum.

Úthlutunarnefnd mun forgangsraða styrktarbeiðnum og getur samþykkt eða hafnað umsóknum á þeim forsendum.

Umsækjendur skili inn greinargerð með upplýsingum um verkið eftir að því er lokið.

Umsóknarfrestur rennur út 15. maí nk. en aðeins er tekið við umsóknum sem uppfylla skilyrði sjóðsins.

**Styrkbeiðni sendist til Samfélags- og menningarsjóðs
Siglufjarðar, Túngötu 3, 580 Siglufirði eða á póstfangið
elsa.gudrun@arionbanki.is með Subject-ið:**

„Samfélags- og menningarsjóður – styrkumsókn“.



Félag um Þjóðlagasetur
sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði

Aðalfundur miðvikudaginn 17. apríl 2019
kl. 20.00 í Þjóðlagasetrinu að Norðurgötu 1.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Félags um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar

Félag eldri borgara Siglufirði
auglýsir

4 sæti laus í ferð félagsins til Færeyja 29. maí til 4. júní 2019.
Frestur til að sækja um er til 16. apríl nk.

Nánari upplýsingar: Ingvar sími 824 4466
Begga sími 862 4377

Stjórnin.



Ástkær faðir okkar, afi og bróðir

Porgeir Reynisson



lést 12. janúar í Noregi.
Útför hans fer fram frá Siglufjarðarkirkju
laugardaginn 20. apríl kl 14:00

Aðstandendur



Eftirtalin sumarstörf hjá Fjallabyggð eru laus til umsóknar

Yfirmaður umhverfisverkefna. Auglýstar eru tvær stöður yfirmanns umhverfisverkefna, annars vegar á Ólafsfirði og hins vegar á Siglufirði. Hann skipuleggur og stýrir umhverfisverkefnum í Fjallabyggð og hefur umsjón með sláttugengi sem sinnir slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil er frá 15. maí - 15. september. Leitað er eftir einstaklingum sem eru 25 ára eða eldri, skipulagðir og sjálfstæðir í starfi. Reynsla af garðyrkju og öðrum verkefnum á opnum svæðum æskileg.

Sláttugengi - Þjónustumiðstöð auglýsir eftir starfsmönnum til að sinna slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil er frá 27. maí til 16. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 16 ára (f.2002) og eldri.

Starfsmaður í skógrækt. Auglýst er eftir starfsmanni til að sinna viðhaldsverkefnum í Skógrækt Siglufjarðar. Starfstímabil er frá 18. júní - 16. ágúst. Reynsla af skógræktarvinnu æskileg.

Þjónustumiðstöð Fjallabyggðar auglýsir eftir starfsmönnum í almenna verkamannavinnu. Helstu verkefni; girðingarvinna, málun gangbrauta og annarra merkinga, hreinsun leiksvæða og opinna svæða. Starfstímabil er frá 27. maí - 16. ágúst.

Vélamaður. Auglýst er eftir vélamanni til að vinna við garðslátt og umhirðu á opnum svæðum. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og hafa dráttarvélaréttindi. Starfstímabil er frá 27. maí - 16. ágúst.

Vinnuskóli Fjallabyggðar auglýsir eftir flokkstjórum til að starfa við skólann. Starfstímabil er frá 27. maí til 16. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri. Flokkstjórar stjórna daglegu starfi vinnuflokka skólans og stuðla að reglusemi, ástundun og góðri umgengni starfsmanna. Flokkstjórar vinna með unglingunum og sýna þeim hvernig staðið skuli að verki og leiðbeina um notkun á áhöldum og tækjum.

Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar vantar starfsmenn á Siglufirði og Ólafsfirði. Starfstímabil er frá 11. júní - 19. ágúst. Leitað er að einstaklingum 20 ára og eldri sem hafa þekkingu í skyndihjálp og standast kröfur sem gerðar eru til sundvarða sem felast í því að taka sundpróf samkvæmt reglugerð um öryggi á sundstöðum.

Allar nánari upplýsingar um störfin er hægt að nálgast hjá:

haukur@fjallabyggd.is vegna flokkstjóra og íþróttamiðstöðva.

armann@fjallabyggd.is og Birgir bæjarverkstjóri 8931467 vegna annarra auglýstra starfa.

Umsóknarfrestur allra starfa er til og með 3. maí. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á bæjarskrifstofum Fjallabyggðar eða gegnum heimasíðu bæjarfélagsins, www.fjallabyggd.is. Vakin er athygli á því að hægt er að sækja um rafrænt í gegnum íbúagáttina MÍN FJALLABYGGÐ.



100 ÁR FRÁ SNJÓFLÓÐUM

á Staðarhólsbökkum, í Héðinsfirði og Engidal

Dagana 12. og 13. apríl nk. verða eitt hundrað ár liðin frá mannskæðustu snjóflóðum í Hvanneyrarhreppi. Síldarminjasafnið og Siglufjarðarkirkja minnst atburðanna með dagskrá:

FÖSTUDAGUR 12. APRÍL

17:00 *Gengið að rústum Evanger*
undir leiðsögn starfsmanna Síldarminjasafnsins.
Sr. Sigurður Ægisson minnst þeirra sem fórust.
Boðið upp á kaffi og kleinur.

18:30 *Héðinsfjörður og Engidalur*
Keyrt á einkabílum. Sr. Sigurður Ægisson minnst þeirra sem fórust.

LAUGARDAGUR 13. APRÍL

11:00 *Kyrrðarstund í Siglufjarðarkirkju*
til minningar um þau átján sem létust
í snjóflóðunum.

Í páskadagskrá Fjallabyggðar er kyrrðarstund í Siglufjarðarkirkju
auglýst kl. 14:00 en réttur tími er kl. 11:00

LEIKFELAG FJALLABYGGÐAR

Bót & betrun

Sýnir gamanleikinn

í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur



Sýningardagar:

9. apríl kl. 20:00 / 10. apríl kl. 20:00

12. apríl kl. 20:00 / 13. apríl kl. 16:00

Tvær sýningar á skírdag
kl. 16:00 og kl. 20:00

Miðaverð 3.500 - aldraðir og öryrkjar 2.500

Miðapantanir í sínum

863-2604 Guðrún Unnsteins og 849-5384 Vibekka

Sýnt í Tjarnarborg, menningarhúsi Fjallabyggðar